

Fyrirspurn

til félagsmálaráðherra um eftirlit með ráðningarsamningum útlendinga.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hversu oft á sl. tveimur árum hafa stéttarfélög eða aðrir aðilar vakið athygli ráðuneytisins á:
 - a. að ráðningarsamningar útlendinga séu ekki í samræmi við íslenska löggjöf og hvers eðlis hafa þær umkvartanir verið,
 - b. að ráðningarkjörum, þ.m.t. húsnæðisaðstöðu, hafi verið breytt eftir að erlendir starfsmenn hófu störf,
 - c. að útlendingar sem leita réttar síns hjá stéttarfélagi missi vinnuna í framhaldinu? Ef svo er, hvernig hefur ráðuneytið brugðist við þessum umkvörtunum?
2. Eru atvinnuleyfi veitt nýjum erlendum starfsmönnum ef ráðuneytið hefur vitneskju um tilvik sem lýst er í 1. lið og ef fyrirtæki sem óska ráðningar á erlendum starfsmönnum eru í vanskilum með opinber gjöld erlendra starfsmanna sinna?
3. Hversu mörgum umsóknum um framlengingu atvinnuleyfis hafa stéttarfélög hafnað í umsögn sinni sl. tvö ár og hversu mörgum þeirra hefur Vinnumálastofnun hafnað? Í hve mörgum tilvikum hefur Vinnumálastofnun hafnað umsóknum frá fyrirtækjum sem hafa ekki skilað lögbundnum iðgjaldagreiðslum (lífeyrissjóðsiðgjaldi eða félagsgjöldum) eða afdregnum skatti viðkomandi starfsmanns?

Skriflegt svar óskast.